

95. fundur skráningarráðs haldinn 12. nóvember 2015 í húsakynnum Landskerfis bókasafna kl. 10-12

Fundarmenn: Áslaug Þorfinnsdóttir, Hallfríður Hr. Kristjánsdóttir (fundarritari), Rósa S. Jónsdóttir og Þóra Sigurbjörnsdóttir. Einnig sátu fundinn Hildur Gunnlaugsdóttir, ritstjóri Gegnis, Sigrún Hauksdóttir, þróunarstjóri Landskerfis bókasafna, Magnhildur Magnúsdóttir, verkefnisstjóri RDA innleiðingar og Rósa Björg Jónsdóttir, skrásetjari á Lbs-Hbs.

1. Fundargerð síðasta fundar var yfirfarin og samþykkt

2. **Erindi tónlistarhóps.** Rósa Björg, talsmaður vinnuhóps um tónlistarskráningu skv. RDA fór yfir nokkur atriði í hljóðrita- og nótnaskráningu sem þarf að endurskoða og fá samþykki skráningarráðs fyrir.

Skráningarráð samþykkti eftirfarandi:

- 008 (sæti 6) fyrir nótur: Að kóðinn t (fyrir höfundarréttarár og útgáfuár) sé tekinn fram yfir kóðann r (fyrir endurútgáfu) ef báðir kóðar eiga við.
- 008 (sæti 18-19) fyrir nótur: áfram verði notaður sami styttri kóðalisti og hingað til hefur verið notaður í nótnaskráningu.
- 008 (sæti 20) fyrir nótur: skrásetjarar noti kóða a, b, i, k, l (algengustu kóðarnir) – ef þeir meta þörf á því - valkvætt
Hér er þörf á fellilista þar sem þessir kóðar koma fram ásamt heitum á bæði íslensku og ensku. Kerfishópur skoðar möguleikana á nýjum fellilista í 008 fyrir MU-format.
- 024 1# fyrir hljóðritaða tónlist: Samræmt númer – strikamerki verði skráð í þetta svið
- 028 00 fyrir hljóðritaða tónlist: Deilisvið q sé alltaf notað til að greina ytri gerð. Í samræmi við deilisvið q í 020 á ekki að nota sviga. 028 00 fyrir nótur: Deilisvið q sé notað ef þörf er á að sundurgreina fleiri en eitt útgáfunúmer í færslunni. Nota má deilisvið b ef eigandi útgáfunúmersins er ekki sami útgefandi og í sviði 264. Skrásetjari metur hvort þörf er á þessu.
- 041 fyrir nótur: Deilisvið a, h, e og g verði notuð við nótnaskráningu þegar við á.
- 041 fyrir hljóðritaða tónlist: Deilisvið d, e og g verði notuð þegar við á.
Í framhaldinu af virkjun á nýjum deilisviðum með tungumálakóðum þarf að skoða indexa og hvaða möguleika þessi kóðun á að gefa.
- 300 fyrir nótur: Óþarfi að tiltaka nótnahefti í deilisviði a. Nægir að láta blaðsíðutal duga eins og gert er með bækurnar. Ef um er að ræða eitt blað er það skrifað út frekar en segja 1 bls.
- 500 í nótum: Tónlistarhópur vill koma á samræmdara orðalagi í athugasemdasviðum. Skráningarráð telur ekki ástæðu til að það komi sérstaklega að því verkefni.
- 505 í nótum og hljóðritaðri tónlist: Birting á leitir.is er vandamál (sjá dæmi í erindi aftan við fundargerð). Til þess að kalla fram fyrirsögnina „Innihald“ á Leitir.is er æskilegt að skrásetjarar noti fyrri vísi 0 frekar en 8 þótt þeir setji sjálfir inn stutt inngangsorð eins og t.d. diskur 1. Sviðið á að endurtaka ef skráningarfærslan á við um tvær eða fleiri einingar sem á að innihaldsgreina í 505 (t.d. tvo diska).
- Nótur sem eru tileinkaðar einstaklingum: til að geta leitað að nótum út frá nöfnum þeirra þarf að skrá nöfnin í svið 700 með relator term eða code (dedicatee).

3. Skráning innihalds – Erindi frá Hildi Gunnlaugsd.

Til að greina efnislegt innihald viðfangs eru þrjár leiðir færar:

- a. Greiniskráning / afsprengi (undirfærslur)
- b. 505 |a + 7XX
- c. 505 |a |t |r |g - |t er leitarbært í orðaleit að titli

Er ástæða til að skráningarráð taki afstöðu til mismunandi aðferða við að skrá efnisinnihald viðfangs?
Eru einhvers konar viðmið um val á aðferð gagnleg - auk þess að treysta dómgreind skrásetjara?

Gæti reynst erfitt að leggja línur í þessu eða mæla með einni aðferð fram yfir aðrar. Nokkur atriði sem þarf að hafa í huga:

- Það getur verið æskilegt að verk sé bæði greiniskráð og settar inn upplýsingar í svið 505 (mikið gert í tónlist). Annars er móðurfærslan ekki gagnleg.
- Fyrir sum söfn er mikilvægt að skrá ítarlegar greinifærslur – fyrir önnur nægir að hafa lágmarksupplýsingar í 505
- Leið c slítur skapara frá titlum ef um er að ræða verk sem er samansafn af verkum ólíkra skapara

Hildur mun taka þetta upp á næsta samráðsfundi RDA vinnuhópa

4. Önnur mál

Tillögur frá RDA bókahópi sem skráningarráð samþykkti

- Greining höfundarréttarárs sé ekki lágmarksskráning nema það sé eina ártalið á ritinu.
- Ef bæði útgáfu- og höfundaréttarár er skráð á að nota kóðann t í sviði 008, hvort sem ártalið er það sama fyrir útgáfu og höfundarétt eða ekki.
- Alltaf skuli nota kóðann s í 008 ef aðeins er skráð eitt ár. Hvort sem það er útgáfuár eða höfundaréttarár.
- Skrásetjarar fái fyrirmæli (í HASK) um að þeir eigi að skrá líklegt útgáfuár ef slíkt er gerlegt, frekar en [útgáfuárs ekki getið]
- 020 |q sé tekið upp eins og það kemur fyrir á riti. Ef deiliviðið er notað til að greina milli innbundinnar bókar og kilju án þess að upplýsingarnar standi á bókinni á að nota innbundið og kilja, í stað (ib.) og (ób.)
- Ekki er þörf á að skrá tungumál skráningarfærslu í 040 |b – það má keyra þessar upplýsingar inn síðar ef þörf er á.

Heiti innleiðingaráætlunar verður breytt

Hildur vekur athygli á því að innleiðingaráætlun RDA heiti ennþá Drög, hún breytir því

Nýir skrásetjarar

Hildur sagði frá nýloknu skráningarnámskeiði, níu sóttu námskeiðið, sex nýir skrásetjarar og þrír komu í upprifjun

Upptekt í sviði 245 |c

Hvað á að ganga langt í að greina titla og starfsheiti höfunda, Hildur sýnir dæmi um ógnarlöng starfsheiti/titla sem teknir eru upp af titilsíðu, fundarmenn sammála um að of langt sé gengið

Næstu fundir verða haldnir:

25. nóv. kl. 8.30

10. des. kl. 9.00